



# Eru HUNDASÚRUR í Surtsey?



Grannt hefur verið fylgst með framvindu lífs í Surtsey. Á fyrsta vori í sögu Surtseyjar (1964) varð strax vart við að fræ og aðra plöntuhluta hafði rekið upp á nýmyndaða ströndina. Vorið eftir fannst fyrsta háplantan, fjörúkal. Nýir einstaklingar í plöntu- og dýraríkinu bættust svo við á hverju ári. Árið 1978 fannst fyrsta hundasúran í eyrni og sú næsta fannst svo árið 1993.




Hundasúra (*Rumex acetosella*) er fremur lágvaxin planta (10–30 sm) með spjót- eða lensulaga blöð og rauða blómklasa á stilkendum. Hún finnst á melum, skriðum, söndum og þurru óræktarlandi, og einnig sem slæðingur í túnum. Hún myndar oft stórar breiður þar sem áburði er dreift á örfoka sand.

Hundasúra líkist helst túnsúru en til aðgreiningar er hundasúran með útstæð horn neðst á blöðkunni á meðan horn túnsúrunnar vísa niður. Hundasúran hefur svo gott sem sömu áhrif og túnsúran hvað viðkemur grasalækningum (hún er m.a. sögð stilla þorsta og hita galls) og er stundum notuð í matargerð (þó ekki jafn mikið og túnsúran).

Nafnið hundasúra er að líkindum komið til af því að blöð þessarar tegundar þóttu ekki eins álitleg og blöð túnsúrunnar og því hafi plantan verið kennd við hunda í niðrandi merkingu.

Hundasúra blómgastr í júní. Laufblöð hennar eru stilkud, spjót- eða lensulaga. Blaðkan er 2–6 sm löng, 2–20 mm breið, með útstæðum eyrum neðst. Blóm hundasúrunnar eru mörg í klasaleitum blómskipunum, einkynja í sérbyli og blómhlífin er sexblaða. Blómhlífarblöðin eru oftast rauð, en sjaldnar græn. Þau eru 1,5–2 mm löng, þar sem þrjú þau ytri eru mjórri en þau innri. Fræflar eru sex með rauðum frjóhnöppum.

Ljósm. Hörður Kristinsson. Kort: Anette Th. Meier. Heimildir: Ágúst H. Bjarnason 1994, floraislands.is, Hörður Kristinsson 1998, og Plöntuvefsjá Náttúrufræðistofnunar Íslands.



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS  
**SURTSEY – JÖRD ÚR ÆGI**  
SYNING Í ÞJÓDMENNINGARHÚSINU

ÞJÓDMENNINGARHÚSÍÐ

**MENNINGARNÓTT**  
23. ÁGÚST 2008 - TORG Í BORG